

## Samráðsgátt stjórnvalda

Matvælaráðuneytið

*Umsögn frá LS við drög að breytingu á  
Reglugerð nr. 963/2019, veiðar með  
dragnót við Ísland.  
Mál nr. 197/2023.*

8. nóvember 2023

Landssamband smábátæigenda (LS) leggst gegn breytingu á reglugerð 963/2019, sem hér er til umsagnar.

LS tekur undir sjónarmið Hafrannsóknastofnunar sem fram koma í [bréfi](#) hennar dagsettu 1. febrúar sl.

*Skoða þarf sérstaklega hvort áhrif af fyrirhugaðri breytingu á reglugerð hafi áhrif á hrygningu nytjastofna, verndun ungvíðis eða búsvæði sem skoða þarf sérstaklega. Jafnframt telur Hafrannsóknastofnun sig ófæra um að taka faglega afstöðu þeirra breytinga á reglugerð sem um ræðir.*

LS telur óábyrgt að gerðar verði þær breytingar sem fram koma í umsagnardrögum áður en fyrir liggur hvort þær hafi neikvæð áhrif á það sem Hafrannsóknastofnun nefnir í bréfi sínu, sem og að stofnunin leggi faglegt mat á þær.

LS bendir á að nú eru að koma inn í veiði sterkir árgangar af ýsu. Smáýsa gæti því orðið stórt hlutfall í afla dragnótabáta þegar veitt er svo nálægt landi. Af þeim sökum er varhugavert að hrófla við tímamörkum einstakra svæða við Suðurland.

Í reglugerðadrögum er lagt til að landhelgi fyrir veiðar með dragnót verði ein sjómíla útifyrir Suðurlandi á svæði frá Reykjanesvita austur fyrir Ingólfshöfða og þaðan að Stokksnesvita verði þær heimilaðar í 8 mánuði, frá 1. mars til og með 31. október sbr. [skýringarmynd](#) frá Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar. Að mati LS mun tillagan hafa skaðleg áhrif á lífríki sem þrífst við ströndina að færa landhelgi við veiðar með dragnót úr þrem sjómílum í einnar sjómíla fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. 27. gr. [reglugerðar 963/2019](#). Undantekning frá því eru eftirtalin sjö svæði (A-G) þar sem veiðar eru bannaðar á eftirtöldum tímabilum:

- |    |                         |             |
|----|-------------------------|-------------|
| A. | 1. júní – 14. september | 3,5 mánuðir |
| B. | 1. ágúst – 31. maí      | 10 mánuðir  |
| C. | 1. júlí – 28. febrúar   | 8 mánuðir   |
| D. | 1. júní – 31. mars      | 10 mánuðir  |
| E. | 1. apríl – 31. ágúst    | 5 mánuðir   |
| F. | 1. júní – 31. ágúst     | 3 mánuðir   |
| G. | 1. mars – 31. ágúst     | 6 mánuðir   |

Að lokun ítrekar LS áður fram komnar skoðanir sambandsins að dragnótaveiðar eigi einungis að heimila til veiða á flatfiski. Allt skark með dragnót á grunnsævi við beinar veiðar á bolfiski verði óheimilar. Að öðru leyti eigi á grundvelli breytinga sem gerðar hafa verið á veiðarfærinu að gilda um það sömu reglur og við togveiðar.

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri